



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hulduheimar

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	6
3 Innra mat Álfhóll.....	14
4 Innra mat Sólskinsbær	17
5 Innra mat Kardemommubæjar.....	20
6 Innra mat Sjónarhóls	24
7 Innra mat sérkennslu.....	29
8 Innra mat – fjöltyngd börn	32
9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	35
10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	37
11 Foreldrasamvinna.....	39
12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	41
13 Fylgigögn.....	42
13.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs	42
13.2 Fylgiskjal – leikskóladagatal 2022 - 2023	44



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans: Leiðarljós leikskólans: Leiðarljós okkar eru orð Konfusiusar: „Segðu mér ég gleymi, sýndu mér ég man, leyfðu mér að reyna, ég skil“

Einkunnarorð okkar í leik og starfi eru Virðing –Gleði – Vinátta, leiðarljós okkar í samskiptum við börn, foreldra og samstarfsfólk (sjá skólanámskrá á heimasíðu bls. 7-10)

Virðing

- Við sýnum sjálfum okkur og öðrum virðingu með því að skiptast á að tala, við hlustum á aðra án þess að grípa fram í og bíðum eftir að röðin komi að okkur.
- Við biðjumst afsökunar þegar við meiðum, með orðum eða faðmlagi. Okkur líður vel þegar við erum beðin afsökunar og þegar við getum sjálf beðið afsökunar.
- Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar. Við göngum vel um bæði inni og úti. Við göngum frá eftir okkur, förum vel með hluti, flokkum og endurnýtum.

Gleði

- Við erum glöð þegar við getum bjargað okkur sjálf, þegar við fáum að prófa okkur áfram og uppgötva. Það gerum við með því að leyfa sköpunargleðinni að njóta sín sem oftast með fjölbreyttum efniviði.
- Við erum glöð þegar við finnum að við getum og kunnum, og þegar við erum hvött til sjálfshjálpar og sjálfstæðis.
- Við einblínum á núvitund, njótum augnabliksins og sköpum jákvætt andrúmsloft með gleði því gleðin er smitandi.

Vinátta

- Við sýnum vináttu með því að vera góð hvert við annað og erum hvött til að leyfa öllum að vera með.
- Við leikum okkur saman, hjálpumst að og skemmum ekki fyrir öðrum.
- Við lærum að virða tilfinningar annarra, við skiptumst á og berum virðingu fyrir hvort öðru.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að „Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan“. Þessi orð úr Aðalnámskránni birtast hér í Hulduheimum daglega sem fær mann til að hlakka til hvers dags enda leikurinn meginnámsleið barna. Í gegnum þetta starfsár sem hefur reynst okkur oft á tíðum frekar þungt, hertar aðgerðir, tilslakanir, mannekla, hólfaskipting og síðan fór loksins allt upp á við. Því finnst mér við hæfi að senda þakklæti til starfsfólks Hulduheima vegna lausnamiðaðrar vinnu og þrautseigju í starfi og segja að í mínum augum sem og annarra eru þið hetjur.

Það hafa verið breytingar í stjórnendateymi leikskólans þar sem Katrín tók við deildarstjórn á Sólskinsbæ í febrúar sl. Ég hef verið að sinna bæði leikskólastjórstöðu í veikindaleyfi Elínar Rósar frá nóvember og eitthvað fram á nýtt skólaár ásamt minni stöðu sem aðstoðarleikskólastjóri. Innleiðing Menntastefnu Reykjavíkurborgar heldur áfram af fullum krafti næsta starfsár og munum við áfram leggja áherslu á sköpun þar sem börnin fá að hafa áhrif á umhverfi sitt ásamt því að bæta við sjálfsefningu þar sem unnið er með sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu.

Kennsluaðferðin „Leikur að læra“ er búin að festa sig í sessi ásamt vináttuverkefninu „Blæ“ og ætlum við að hafa minna um skipulagðar „Blæstundir“ og flétta vináttuverkefnin inn í allt starf og grípa þau tækifæri sem til gefast og hafa vinavikur reglulega.

Við lítum til hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem sjálfstæði, sjálfsefning, lýðræði, skapandi starf og uppeldisfræðileg skráning er rauði þráðurinn gegnum hugmyndafræðina. Við stefnum á horfa enn fastar til Reggio og ætlum að leggja mikla áherslu á leikinn, opinn efnivið, flæði, sköpun, skráningu og sjálfsefningu. Við sóttum um styrk í B hluta menntastefnunnar ásamt Borgaskóla um vinnslu ferilmöppu barna frá 1 árs – 12 ára, þar sem námsferil barna er skráður í máli og myndum. Því miður fengum við ekki heldur styrkinn að þessu sinni.

Á komandi starfsári ætlum við að horfa vel til lærdómssamfélags leikskólans og verða haldnir reglulega teymisfundir yfir starfsárið. Barnæping mun halda áfram og verður áfram unnið í litlum hópum með tvo elstu árganga skólans. Unnið er með barnasáttmálann á barnæpinginu þar sem börnin fá tækifæri til að efla lýðræðislega hugsun og hafa áhrif á skipulag skólastarfsins.

Tækniklukkutími er orðin partur af leikskólastarfi okkar og verða þeir einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn á komandi starfsári. Við ætlum að breyta venjum og hafa tæknivikur í stað tækniklukkutíma.

Foreldradagar verða á komandi starfsári, dagana 3., 4., og 5. apríl þar sem foreldrum er boðið að koma og vera þátttakendur í starfi okkar. Einnig stefnum við á að hafa jólasamveru/verkstæði okkar með hefðbundnu sniði þann 24. nóvember þar sem allir koma saman, börn, fjölskyldur og starfsfólk og eiga góða samveru.

Skipulagsdagar eru sex á starfsárinu og er hægt að sjá alla skipulagsdagana á skóladagatali 2022-2023. Við munum halda áfram að fara yfir allar áætlanir, lagfæra og gera nýjar þar sem við á.

Við hlökkum til næsta starfsárs í góðri samvinnu við börn, foreldra og starfsfólk leikskólans.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Starfsmannakönnun var send út í byrjun árs og eru þar nokkrir þættir sem hægt er að horfa til næsta skólaárs. Mjög slæm þátttaka var og voru eingöngu níu starfsmenn sem svöruðu könnunni sem er 33% svarhlutfall, og því varla hægt að segja að könnunin hafi verið marktæk. Nýir þættir komu fram í könnuninni, þeir þættir eru: Líðan og álag, Covid-19 og hæfilegt vinnuálag.

Þrátt fyrir dræma þátttöku þá eru þetta þær spurningar sem horft verður til eru:

- „Hefur Covid -19 haft áhrif á dagleg störf þín?“

Styrkleikar: Oft þurftum við að breyta okkar vinnuhögum með jafnvel engum fyrirvara sem hafði áhrif á okkar daglegu störf.

Tækifæri til umbóta: Nýta okkur þá styrkleika sem við öðluðumst í því krefjandi verkefni sem Covid-19 færði okkur, hólfskiptingu, vinna hratt og vera lausnamiðuð, óvissan, aðlagast, svo eitthvað sé nefnt.

- „Hæfilegt vinnuálag, hefur þú of mikið að gera í vinnunni?“

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Hvernig viljum við hafa dagskipulagið? Viljum við að það sé flæðandi eða niðurnjörvað.

- „Kemur það oft eða sjaldan fyrir að eftir að vinnudegi lýkur að þú eigir erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna þannig að það hafi neikvæð áhrif á frítíma þinn eða einkalíf?“

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Að tileinka sér að eftir að vinnudegi líkur tekur eitthvað annað við sem er óháð vinnunni.

- „Vinnuaðstaða mín er góð“

Styrkleikar:

Tækifæri til umbóta: Hvernig viljum við sem ein heild að vinnuaðstaða okkar sé? Ef við horfum á leikskólann sem heimili hvernig heimili er hann, eða sem manneskju, hvernig viljum við að sú manneskja er?



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun	Könnun send á alla starfsmenn leikskólans í tölvupósti. Minnt á að svara könnun á facebook síðu starfsmanna.	Starfsmenn Mjög dræm þátttaka einungis níu sem svöruðu.	Í heildina þá er leikskólinn að koma ágætlega út úr könnuninni þó hún hafi ekki verið marktæk vegna dræmrar þátttöku.
Starfsþróunarsamtöl	Með opnum spurningum í starfsþróunarviðtölum.	Aðstoðarleikskólastjóri tók viðtöl við deildarstjóra og sérkennslustjóra. Deildarstjórar tóku örsamtal við deildarstarfsmenn. Sérkennslustjóri tók örsamtal við starfsfólk sérkennslunnar.	Almennt er líðan góð innan starfsmannahópsins eftir frekar þungan og krefjandi vetur. Starfsfólk talar um að Covid hafi haft áhrif á líðan þess í starfi og óvissan hafi þar helst haft áhrif. Horft er björtum augum til komandi skólaárs.
Innra mat barnanna	Börnin á Sjónarhóli og Kardemommubæ tóku þátt í að meta starf vetrarins: Söngstund, holókubbana, frjálsa leikinn, samverustund, sköpun, matsalinn, hreyfistund, útivera	Börnin tóku þátt í mati í Barnaþingi og í frjálsum leik. Þau voru spurð eitt og eitt og merktu við á viðeigandi matsblaði. Eftirfarandi spurningar voru lagðar fram: Hvernig finnst þér í söngstund? Hvernig finnst þér í holókubbunum? Hvernig finnst þér í frjálsum leik? Hvernig finnst þér í samverustund? Hvernig finnst þér í sköpun?	Söngstund: (sameiginleg) var endurvakin þetta skólaár þar sem hver deild býður hinum deildunum í söngstund á föstudagsmorgnum kl. 9:15. Samkvæmt börnunum bæði fæddum 2016 og 2017 var sú endurvakning kærkomin þar sem þeim fannst öllum gaman í þeim stundum. Holókubbar: Næstum öllum börnunum finnst gaman í holókubbunum en í báðum árgöngum voru tveir úr hvorum sem finnst mjög erfitt að ganga frá. Frjáls leikur: Næstum öllum börnunum finnst gaman í frjálsum leik en einu barni í 2017 árgangi finnst frjáls leikur erfiður og veit ekki hvað eigi að gera. Samverustundir: Í báðum árgöngum voru mörg börn sem



		Hvernig finnst þér í matsalnum?	töluðu um að það væri erfitt að sitja svona lengi.
		Hvernig finnst þér í útiveru?	Sköpun: Allir flestir í báðum árgöngum, 2016 og 2017, finnst gaman í sköpun, þó voru tveir í 2017 árgangi sem finnst það erfitt og einu barni í 2016 sem finnst það mjög erfitt. Matsalur: Margir í 2017 árganginum finnst mikill hávaði í matsalnum og einn talaði um að þar væru allt allt of margir. Sama má segja um 2016 árganginn þar töluðu margir um að það væri mikil hávaði. Útivera: Árgangur 2016 finnst skemmtilegt í útiveru. Árgangur 2017 var almennt ánægður með útiveru en nokkrum finnst hún stundum erfið og einum finnst hún leiðinleg. Einn talaði um að hún væri leiðinleg en hann væri bara glaður í apríl. Síðan kvartaði einn nemandi um að veðrið væri bara svo vont.

Endurmat út frá teymisfundum:

Blær: Unnið hefur verið markvisst með Blæ á öllum deildum og hann notaður í daglegu starfi leikskólans. Börnin hafa ávallt aðgang að honum. Vinavikur voru tvisvar yfir skólaárið og voru þá unnin sérstök verkefni tengd þeim.

Blær verði ávallt sýnilegur og tilbúinn til að vera með okkur þegar þörf er á.

Græn skref: Leikskólinn fékk viðurkenningu fyrir að hafa lokið fyrstu tveim Grænum skrefum í haust.

Leikskólinn verslar umhverfisvæn hreinsiefni og er meðvitaður um þegar pantað er að við erum í Grænum skrefum.

Gátlistum er fylgt eftir.

Teymið ætlar að panta fleiri límmiða til að minna á mikilvægi grænna skrefa og setja þá upp þar sem við á þannig að skrefin verði sýnileg.

Heilsueflandi leikskóli: Hugmynd er að hafa ávaxtaskál inná kaffistofu fyrir starfsfólk og fjölbreytt vatn (hafa klaka og t.d. sítrónu/appelsínu/gúrku í vatninu).

Fá koffínlaust te eða hafa meira úrval af tei.

vantar fleiri holla kosti í sjoppuna (fjáröflun).

Fá stálkörfu úti fyrir körfubolta fyrir börnin.

Athuga með hvort hægt sé að endurvekja að fara með hópa í Egilshöllina og nýta fimleikasalinn. Einnig að fá afnot af íþróttahúsi Borgaskóla fyrir hreyfingu.

Leikur að læra: Allar deildar hafa notað verkefni LAL í hópastarfi og leik barnanna. Misjafnt hvernig deildar leikskólans hafa útfært kennsluaðferðina.

Menntastefna: Lögð var áhersla á að skapa börnunum góðar leikaðstæður og gott aðgengi að opnum efnivið. Opinn efniviður eflir sköpun og sjálfssprottinn leik.

Síðasta vor fengum við kynningu á opnum efnivið. Í upphafi nýs skólaárs tóku starfsmenn þátt í umræðum um opinn efnivið, leik barna, leikaðstæður og þátttöku í leik barna. Jafnframt hvað betur mætti fara og gerðar áætlanir um útbætur.

Skráningarblöð um þátttöku og virkni barna í leik með opinn efnivið er nú aðgengilegur inni á hverri deild og hjá Holukubbum.

Svæðið fyrir framan skrifstofuna er nú með nokkrum tegundum af kubbum og viðbótarefni til að auðga leik barna. Einnig ljósmyndir af byggingum.



Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Opinn efniviður	Efniviður leikskóla þarf að vera margbreytilegur og höfða til ólíkra barna á ólíkum, aldri. Mikilvægt er að endurmeta og þróa efnivið reglulega. Efniviður þarf að vera hvetjandi og höfða til mismunandi skynjunar og örva börnin til rannsókna og kannana.	Að opinn efniviður sé aðgengilegur þannig að barnið sjálft geti skapað sér góðar leikaðstæður.	Allir starfsmenn leikskólans	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Á skipulagsdegi að vori. Á deildarfundum einu sinni í mánuði.	Halda áfram að safna opnum og verðlausum efniviði. Einnig að halda áfram að auðga við leik barnanna og bæta við efnivið þegar við á.
„Leikur að læra“	Halda áfram að vinna eftir kennsluaðferðinni „Leikur að læra“ og leggja áherslu á að nýta verkefni þess	Starfsmenn í „Leikur að læra“ teyminu sjá um eftirfylgni að innleiðingu kennsluaðferðarinnar. Setji niður verkefni sem	Deildarstjórn og þeir sem eru í Leikur að læra teymi.	Sept 2022	Maí 2023	Deildarmat 1 x í mánuði. Teymið gerir lokamat að vori.	Halda áfram að vinna eftir kennsluaðferðinni „Leikur að læra“



	í almennu starfi.	verða unnin út frá aldri barnanna. Foreldra verkefni verða í október og mars (einn dagur í viku, 8 vikur í heildina).					
Vináttu verkefnið „Blær“	Að allar deildar haldi áfram að vinna markvisst með vináttuverkefnið „Blær“.	Starfsmenn í „Blær“ teyminu sjá um eftirfylgni og koma áfram hugmyndavinnu til starfsfólks. Að vinnáttuverkefnið sé virkt og endurspeglar starfi leiksólans og Blær verði ávallt sýnilegur og tilbúinn að vera með okkur þegar þörf er á. Fjórar skipulagðar vinavikur verða yfir skólaárið	Deildarstjórar og þeir sem eru í Blæ teyminu.	Sept 2022	Maí 2022	Deildarmat 1x í mánuði. Teymið gerir lokamat að vori.	Halda áfram að vinna markvisst með vináttuverkefnið „Blær“.
Barnaþing	Að börn geti haft áhrif með hliðsjón af Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.	Barnaþing einu sinni í mánuði, 5-6 börn í hóp. Barnaþing er fyrir tvo elstu árgangana. Börnin svara fyrirfram ákveðnum opnum spurningum. Unnið verður út frá svörum barnanna. Börnin komi sjálf með umræðupátt	Deildarstjórar og stjórnandi barnaþings.	Sept 2022	Maí 2023	Endurmetið í lok hvers barnaþings.	Að börn geti haft áhrif með hliðsjón af Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.



		sem unnið verður markvisst með.					
Sköpun	Að börnin öðlist færni til að efla forvitni sína, skapandi og gagnrýna hugsun, einnig að efla þekkingu sína, frumkvæði og leikni með fjölbreyttum áskorunum og opnum spurningum	Börnin hafa áhrif á umhverfi sitt, samfélagið og starfið innan leikskólans.	Allt starfsfólk leikskólans.	Sept 2022	Maí 2023	Niðurstöður úr gátlista og umræðum á deildarfundum einu sinni í mánuði.	Að börnin öðlist færni til að efla forvitni sína, skapandi og gagnrýna hugsun, einnig að efla þekkingu sína, frumkvæði og leikni með fjölbreyttum áskorunum og opnum spurningum
Sjálfsfelling	Að öll börn leikskólans fái að njóta sjálfstæðis. Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir.	Að barnið lærir að þekkja sín mörk. Barnið öðlast sjálfstæðis og trú á eigin getu. Að barn skammti sér sjálft á disk í matsmálstímum. Barn vikunnar er verkefni sem ýtir undir sjálfsefningu barnsins.	Allt starfsfólk leikskólans.	Allt skólaárið	Allt skólaárið	Á stjórnenda- og deildarfundum.	Að öll börn leikskólans fái að njóta sjálfstæðis og styrkja sína sjálfsefningu.



3 Innra mat Álfhóll

Endurmat umbótabátta veturinn 2021-2022 Álfhóll

Viðverumerkingar: Gekk ágætlega, listi var gerður fyrir flæðilestur, opinn efnivið, tónlistarstund, Leikur að læra, frjálsan leik og samverustund. Þeir voru aðgengilegir starfsfólki, kannski ekki nægilega sýnilegir. Starfsfólk merkti við og fór deildarstjóri yfir öðru hvoru, ekki var fyllt í alla lista.

Styrkleikar: Auðvelt er að fylgjast með hvort barnið taki framförum og stöðu þess hverju sinni. Nýtist vel fyrir foreldraviðtöl og við áætlanagerð. Yfirsýn deildarstjóra/starfsmanna yfir þroska stöðu hvers barns er betri.

Tækifæri til umbóta: Hafa lista sýnilegri starfsfólki, fylla inn í oftar, setja inn í áætlun hvenær og hver fyllir út lista hverju sinni.

Deildarfundir: Deildarfundir voru ekki nógu margir í vetur þrátt fyrir góðar fyriráætlanir. Oftast er ástæðan sú að ekki er nægilega margt starfsfólk til að gæta barnanna. Þegar hægt var að hafa fund þurfti að fara hratt yfir marga hluti og aðeins það sem var mest áriðandi.

Styrkleikar. Gefur gott tækifæri til að deildar starfið verði faglegra, markvissara, allir séu vel upplýstir og starfsfólk ánægðara.

Tækifæri til umbóta: Þurfum að fá fleira fólk til að gæta barnanna meðan á deildarfundum stendur til að alls öryggis sé gætt.

Leikur að læra:

Farið var í nokkrar skipulagðar stundir í febrúar og mars. Leikið var með húsdýrin, heiti þeirra, hljóð, afkvæmi og ýmislegt fleira. Börnin voru einnig að æfa sig í að bíða þar til kæmi að þeim. Ekki var farið eins oft og ráð var gert vegna veikinda/fjarveru.

Styrkleikar: Börn á þriðja ári ráða vel við þetta lærdómsform í 3-4 barna hópi og hafa gaman af. Sáum að þau sem voru fljótari að sjá út á hvað stundin gekk aðstoðuðu jafnvel þau sem ekki náðu fyrirætlum, gaman að sjá það.

Tækifæri til umbóta: Nýta þetta leikja form til að þjálfar börn í að bíða, fara eftir reglum, samvinnu og fleira.

Opinn efniviður:

Börnin hafa leikið sér töluvert mikið með opinn efnivið, hvort sem það eru kubbar, dósir, lok, perlufestar, hólkar eða annað inni í hreiðri og í matsalnum.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm, dugleg að prófa sig áfram, kanna möguleika sem þessi efniviður hefur upp á að bjóða. Efniviðurinn ýtir undir tjáningu þeirra, sjálfstraust, einstaklingsnám og samvinnu.

Tækifæri til umbóta: Sýna börnum myndir sem teknar eru af þeim í leik með opinn efnivið, spyrja þau spurninga og skrá svör þeirra. Fá þannig tækifæri til að auka fjölbreytni og auðga leik þeirra.

Lestrar kósý horn:

Færðum til skilrúm og afmörkuðum þannig hæfilega stórt svæði, settum mottu og dýnu á gólfið. Prófuðum að hafa bækur í körfu í góðan tíma, það gekk ekki nægilega vel. Fengum bókahillu og eru börnin ánægð með hana. Svæðið er vel nýtt í lestur bóka, samverustundir og í leik.



Styrkleikar: Börnin náðu sér í bækur eða báðu um, settust niður og skoðuðu eða báðu starfsmenn um að lesa fyrir sig.

Tækifæri til umbóta: Spurning hvort önnur tegund af bókahillu hentar betur, börnin klifra í þessari upp í glugga. Gera svæðið meira aðlaðandi t.d. með púðum.

Skráningar.

Allir starfsmenn deildarinnar eru farnir að gera myndaskráningar í einhverri mynd og gengur það vel. Starfsfólk leikskólans fékk kynningu á skráningum á skipulagsdegi í vetur og í framhaldinu tækifæri til að prófa sig áfram, það ýtti okkur af stað.

Styrkleikar: Starfsfólk horfir með öðrum augum á hvað börnin eru að gera, hvernig þau uppgötva og hvernig þau læra. Upplifun og reynsla barnanna er fest á mynd og gerð skráning.

Tækifæri til umbóta: Að starfsfólk haldi áfram að gera skráningar, auki við kunnáttu sína, fari að skrifa texta við skráningar þegar það á við.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR Álfhóll 2022-2023	Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmum við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Leikur að læra	Halda áfram að kynna kennsluaðferðina „Leikur að læra“ fyrir börnunum fyrir og eftir áramót.	Skipta börnum í hópa, 2019 saman og 2020 saman. Gera áætlun um áhersluþætti. Hvert barn fær 2-4 stundir.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Okt 2022 Feb 2023	Nóv 2023 Mars 2023	Skrá á skráningarblað fyrir hvert barn af starfsmanni sem sér um stundina eða þeim sem fylgist með. Tvær skráningar.	Fara yfir skráningar á deildarfundum.
Sköpun	Að börnin fái tækifæri til að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.	Skipta börnunum í litla hópa. Skapa örvandi aðstæður, nýta tækifæri sem upp koma, áhuga barnanna hverju sinni. Muna að sköpun er margskonar.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sept 2022	Ágúst 2023	Umræða og skráning á deildarfundum. Skráningar.	Matstæki, „Gátlisti fyrir leikskóla“ og umræða á deildarfundum.
Frjálsi leikurinn –	Að leikurinn fái aukinn tíma í	Að leikur barnanna sé ekki brotinn	Deildarstjóri og	Sept 2022	Maí 2023	Skráningar, ljósmynda- og á tiltekin	Bera saman skráningar frá



opinn efniviður	dagskipulagi, barnið fái tækifæri til að læra og efla sjálfstæði, félagsfærni í gegnum leikinn.	upp, skipta þeim í litla leikhópa, starfsmaður sé á gólfinu og leiðbeini. Fjölbreyttur efniviður.	deildarstarfsmenn.			skráningarblöð. Umræða á deildarfundum.	haustönn og vorönn. Fylla inn í „Gátlisti fyrir leikskóla“ félagsfærni þáttinn.
Nýta okkur athugunarlistana úr námskeiðinu „Náttúruleg kennsla að bættri hegðun“ þegar þörf er á. AHA - skráningar	Að fylla inn í lista þegar verið er að skoða/meta/greina hegðun einstaklinga	Starfsfólk fylgist með leik og samskiptum barna í ákveðinn tíma. Listi fylltur út á deildarfundum. Áætlun gerð fyrir börn ef þörf er á.	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sept 2022 eða þegar þörf er á.	Mai 2023	Skoða lista, athuga hvort breytingar hafa orðið til batnaðar.	Á deildarfundum er umræða um hvernig gengið hefur að vinna eftir áætlun og hvort við sjáum framfarir, skrá niður.
Skráningar	Halda áfram að virkja starfsfólk í að gera skráningar. Þeir auki færni sína.	Deildarstjóri leiðbeini og starfsmenn aðstoði hvern annan. Fylgjast með börnunum í leik og starfi, grípa dýrmæt augnablik.	Starfsfólk og deildarstjóri.	Sept 2022	Ágúst 2023	Starfsfólk skoði og beri saman skráningar sem það hefur gert, nýjar/eldri. Velji sér skráningu til að kynna á deildarfundum, 1-2 yfir skólaárið. Starfsmaður hafi eigið frumkvæði.	Hver og einn starfsmaður skrái hjá sér hvernig honum gekk og hvað mætti betur fara, hvað er hægt að gera til að betri árangur náist.
Málörvun	Fylgjast með málproska hvers barns.	Nýta okkur „Hæfnisrammar í íslensku fyrir fjölbýgð börn í leikskóla“. Fyrir þriggja ára og eldri. Skipulagðar	Deildarstjóri og deildarstarfsmenn.	Sept 2022	Mai 2023	Förum yfir lista og skoðum hvort framfarir hafa orðið.	Skráum hjá okkur hvernig okkur finnst listarnir nýtast með þennan aldur.



		málörvunarstu ndir					
--	--	-----------------------	--	--	--	--	--

4 Innra mat Sólskinsbær

Endurmat umbótapáttta veturinn 2021-2022 Sólskinsbæ

Viðverumerkingar: Gekk ágætlega, listi var gerður fyrir flæðilestur, opinn efnivið, tónlistarstund, Leikur að læra, frjálsan leik og samverustund. Þeir voru aðgengilegir starfsfólki, kannski ekki nægilega sýnilegir. Starfsfólk merkti við og fór deildarstjóri yfir öðru hvoru, ekki var fyllt í alla lista. Ákveðið var að passa vel upp á viðverumerkingar. Með því væri hægt að fylgjast betur með hvernig börnin eru að mæta, borða og sofa. Það hafði komið fyrir að börn voru skráði inn of seint eða ekki neitt. Einnig hafði skráning á hvernig barn borðaði og svefntími þess dottið niður.

Styrkleikar: Auðvelt er að fylgjast með hvort barnið taki framförum og stöðu þess hverju sinni. Nýtist vel fyrir foreldraviðtöl og við áætlanagerð. Með því að skrá allt inn getum við betur fylgst með mætingu, svefni og matarvenjum. Það er æskilegt til að hægt sé að horfa til ef það vantar þær upplýsingar.

Tækifæri til umbóta: Ræða hvernig gengur með viðverumerkingar á deildarfundum þannig að þær detta síður niður, þar sem verið er að minna á mikilvægi þeirra.

Leikur að læra: Farið var í nokkrar skipulagðar stundir í janúar og febrúar. Leikið var með húsdýrin, heiti þeirra, hljóð, afkvæmi og einnig var stóra mottan inni á deild notuð og farið yfir litina. Börnin voru einnig að æfa sig í að bíða þar til kæmi að þeim. Ekki var farið eins oft og ráð var fyrir gert vegna veikinda/manneklu.

Styrkleikar: Börn á þriðja og fjórða aldursári ráða vel við þetta lærdómsform í 4-5 barna hópi og hafa gaman af. Börnin eru fljót að tileinka sér þetta lærdómsform og einnig til hvers er ætlast.

Tækifæri til umbóta: Nýta þetta lærdómsform til að þjálfar börn í að bíða, fara eftir reglum, samvinnu og fleira.

Lestrar kósý horn: Búið var til lestrar horn fyrir börnin inn á deild. Börnin nýttu sér það ekki og þess vegna gekk það ekki upp. Gert var önnur tilraun eftir áramót þar sem kósý hornið var færanlegt. Bækur settar í körfu og þannig hægt að fara með þær á þann stað sem hentaði hverju sinni.

Styrkleikar: Með því að hafa „hornið“ færanlegt þá nýtast bækur betur og börnin læra að meðhöndla bækurnar enn frekar.

Tækifæri til umbóta: Hægt væri að hafa fleiri púða og teppi í körfum inni á deild til að geta sett upp „horn hvar sem er og hvenær sem er“.

Deildarfundir: Með því að halda reglulega deildarfundum getum við frekar skipulagt starf deildarinnar og rætt þau mál sem koma upp hverju sinni.

Styrkleikar: Það er ótrúlega mikilvægt að ná að ræða saman reglulega, ekki eingöngu á hlaupum. Með því skapast betri starfsandi og færri tækifæri til misskilnings.

Tækifæri til umbóta: Yngri deildarnar tvær hafa ekki náð að halda reglulega fundum og hefur það skilað sér í oft pirruðu og þreyttum starfsmönnum sem finnst þeir ekki inni í þeim málum er varða deildina.

Opinn efniviður: Ákveðið var að vinna meira með opinn efnivið.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm, dugleg að prófa sig áfram, kanna möguleikana sem þessi efniviður býður upp á. Efniviðurinn ýtir undir tjáningu, sjálfstraust, einstaklingsnám og samvinnu barnanna.

Tækifæri til umbóta: Þar sem efniviðurinn sem var notaður í leikinn var nokkurn vegin sá sami og í könnunarleiknum reyndist aðeins erfitt að bæta honum við leikinn. Eftir áramót var barnahópurinn ekki í könnunarleik en opinn efniviður var aðgengilegur og bætt var við eftir þörfum inn á deild.

Skráningar: Starfsfólk leikskólans fékk kynningu á skráningum á skipulagsdegi í vetur og í framhaldinu tækifæri til að prófa sig áfram, það ýtti við okkur og minnti okkur á að skráning þarf ekki að vera flókin og alls ekki fullkomin.

Styrkleikar: Starfsfólk horfir með öðrum augum á hvað börnin eru að gera, hvernig þau uppgötva og hvernig þau læra. Upplifun og reynsla barnanna er fest á mynd og út frá henni er gerð skráning.

Tækifæri til umbóta: Að starfsfólk haldi áfram að gera skráningar, auki við kunnáttu sína, fari að skrifa texta við skráningar þegar það á við og sé duglegt að prufa sig áfram.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR Sólskinsbær 2022-2023	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Barn vikunnar	Að hvert barn nái að vera barn vikunnar.	Með því að vera með skipulagt fram í tímann hvenær kemur að hverju barni.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Sept. 2022	Jún. 2023	Farið er yfir bókina sem fylgir sem og skráningarblaði.	Öll börnin hafi fengið að taka þátt.
Málörvun	Að auka málprosa, orðaforða og áhuga á málinu okkar.	Að nýta hverja stund sem gefst. Fastar lestrar stundir og auka málörvun fyrir þá sem standa höllum fæti.	Allir starfsmenn. Einnig ákveðnir starfsmenn með sinn hóp.	Sept. 2022	Júlí. 2023	Skráningarblöð þar sem skráð er hvaða börn og hvaða bók/spil var notað.	Að öll börnin hafi fengið mikið af gæða málörvun arstundu m.
Sköpun	Að börnin fái tækifæri til að tjá sig á sem fjölbreyttastan hátt og fái um leið að kynna ólíkum aðferðum til sköpunar.	Að vinna út frá áhugasviði barnanna og kynna fyrir þeim fjölbreyttan efnivið.	Einn ákveðinn starfsmaður verður með yfirlit um en allir starfsmenn taka þátt.	Sep. 2022	Júní. 2023	Tékklisti þar sem fylgst er hvort allir taki þátt. Einnig myndskráningar þar sem verk barnanna er safnað saman.	Að börnin njóti sín í listsköpun og þori að fara ótroðnar leiðir í sköpun.



Frjáls leikur	Að frjálsi leikurinn fái að njóta sín truflunarlaust.	Að gefa frjálsa leiknum nægan tíma og aðstoða börnin við að dýpka leikinn.	Allir starfsmenn deildarinnar.	Sep. 2022	Júní. 2023	Fylgst er með hverju barni fyrir sig yfir árið. Skráð á sérstök blöð sem er svo farið yfir á deildarfundum. 3-4 börn á dag og í lok mánaðar tekið saman.	Að börnin stoppi lengur við í leik og séu búin að dýpka leikinn.
Útikennsla	Að börnin þekki sitt nærumhverfi og læri heiti á ýmsu sem verður á vegi þeirra.	Börnin fari í vettvangsferðir a.m.k. einu sinni í viku, þar sem ákveðin verkefni eru unnin eða upplifun.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt.	Sept. 2022	Júní 2023	Skráningarblöð þar sem kemur fram hvað var gert, hvenær og hverjir.	Börnin eru örugg, rata og þekkja helstu kennileiti í kringum leikskólann.
Tónlist	Að börnin fái að kynnst og upplifa fjölbreytileika tónlistar og finna sinn innri takt.	Fastar tónlistarstundir. Fá börn í hverjum hóp.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt.	Sept. 2022	Júní 2023	Skráningarblöð sem skrá tíðni tíma og hverjir tóku þátt.	Börnin þekkja til helstu hljóðfæra og geta klappað takt og fleira.
Deildarfundir	Að halda vikulega fundi í 30 – 40 mín.	Með því að finna aðferð þannig að allar deildir fái sína fundi.	Deildastjórar	Sept. 2022	Júlí 2023	Skráning hvenær hægt er að hafa fund sem og líka ástæðu fyrir því að fundur var ekki.	Að Sólskinsbær nái fundi annan hvern fimmtudag.



5 Innra mat Kardemommubæjar

Endurmat umbótapátta veturinn 2021 - 2022

Skólaárið 2021 – 2022 voru tuttugu og fjögur börn á deildinni, nítján börn fædd árið 2017 og fimm börn fædd árið 2018.

Unnin var námsáætlun út frá skólanámsskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Í dagskipulagi deildarinnar var gert ráð fyrir að yfir daginn fengju börnin góðan tíma til að leika sér inni og úti. Ákveðið var, vegna Covid 19, að börnin væru úti í lok dags þegar foreldrar kæmu að sækja þau. Í matartímum var haldið áfram með flæði þar sem börnin skiptast á að fara í matsalinn að borða. Ákveðið var að hafa Leikur að læra, Blæstundir, tónlistarstundir aðra hvora viku og listsköpun og hreyfistund einu sinni í viku. Í samverustundum var farið yfir daginn, spjallað, sungið, lesnar bækur, tekin fyrir verkefni tengt Barni vikunnar og borðaðir ávextir. Eftir hádegismat var gert ráð fyrir hvíld/slökun í 30 – 40 mín þar sem börnin myndu hlusta á rólega tónlist og/eða sögur.

Fyrir áramót gekk nokkuð vel að fylgja eftir þessu skipulagi og börnin áhugasöm og virk. Hreyfistundir féllu þó niður um miðjan október vegna manneklu. Um miðjan nóvember var gert hlé á hópastarfi og farið að undirbúa jólin. Í endurmati í desember kom fram að okkur fannst að of mörg börn væru í hverjum hópi í hópastarfinu og eftir áramót skiptum við börnunum niður í fjóra hópa og því færri börn í hverjum hópi. Einnig ákváðum við að hafa Leikur að læra tvisvar í viku. Blæstundir, listsköpun og að þjálfra börnin í hljóðkerfisvitund var bætt inn í dagskipulagið einu sinni í viku. Sérstakar tónlistarstundir voru felldar niður og ákveðið að af og til væru börnunum boðið að hafa hljóðfæri í samverustundum. Gönguferðir voru áætlaðar einu sinni í viku.

Það gekk betur að ná til barnanna þegar færri börn voru í hverjum hópi og gekk hópastarfið vel fram í mars en þá fóru stundirnar að falla niður vegna manneklu. Ekki var alltaf hægt að fara í gönguferðir einu sinni í viku og það vildi gleymast að ná í hljóðfæri. Nokkrar ferðir voru farnar með börn fædd árið 2017 s.s. í Perluna, Þjóðminjasafnið, námskeið í Húsdýragarðinum og á sýningu í Norræna húsinu. Einnig fór allur barnahópurinn í nokkrar sögustundir í bókasafnið í Spönginni. Ekki er hægt að segja annað en að börnin hafa verið jákvæð, áhugasöm að tekið þátt í því sem var gert hverju sinni. Þegar upp er staðið erum við þó nokkuð ánægð með starfið í vetur þó að alltaf megi gera betur. Einnig veltum við því fyrir okkur hvort skipulagið sé of stíft og hvort að gefa ætti börnunum meiri tíma fyrir leikinn og að þau fengju fleiri tækifæri til að gleyma sér í viðfangsefnum, prófa sig áfram, gera tilraunir og afla sér þekkingar s.s. með þemavinnu.

Vegna Covid fengu foreldrar lítið að koma inn í leikskólann nema þá helst í foreldrasamtöl haust og vor. Það var ánægjulegt að eiga með þeim spjall um börnin þeirra. Almennt töluðu foreldrar um að börnunum þeirra líði vel og að þau væru ánægð með leikskólann. Einnig áttum við samtöl við foreldra í síma og á lóð leikskólans eða stutt spjall í upphafi dags í fataklefa. Upplýsingar um starfið voru sendar heim í tölvupósti eða settar á útihurðir og glugga leikskólans.



Sköpun: Á skólaárinu var lögð aukinn áhersla á að hvetja börnin til að kanna fjölbreyttan efnivið og skapa úr honum á eigin forsendum. Einnig að öll svæði leikskólans nýttust börnunum í leik og starfi. Á starfsmannafundi í haust og á deildarfundum yfir starfsárið ígrunduðu starfsmenn hvaða efniviður er opinn og hvernig þeir gætu stuðlað að fjölbreyttum tækifærum fyrir börnin svo að þau gætu skapað á eigin forsendum og notið leiksins. Skipulag deildarinnar og önnur svæði leikskólans voru skoðuð og skipulögð með það í huga að efniviðurinn væri opinn, aðgengilegur og að viðbótarefniviður væri til staðar s.s. blöð, skriffæri, hólkar, keilur, bílar, litlir karlar, dýr og fleira sem börnin gátu náð í að vild. Jafnframt voru bók- og tölustafir settir á vegg deildarinnar og renningar útbúnir með nöfnum barnanna til að vekja áhuga þeirra á ritmálinu og hvetja þau til að skrifa bók- og tölustafi. Á deildinni höfðu börnin daglegan aðgang að pappír, litum, skærum, lími og vatnslitum og einu sinni í viku voru útbúnar listsköpunarstöðvar. Eftir árámót tókum við upp valkerfi í þeim tilgangi að skapa börnunum leikaðstæður í litlum hópum þar sem börnin hefðu tækifæri til að velja sér leikefni á þeirra forsendum og með þeim börnum sem þau vildu leika sér með. Frá miðjum maí var ákveðið að hafa stöðvar í útiveru á föstudögum þar sem börnin hefðu aðgang að fjölbreyttum efnivið til að kanna og leika með.

Styrkleikar: Starfsmenn eru meðvitaðri um hvað er opinn efniviður og duglegri að hafa hann aðgengilegan börnunum. Einnig tóku þeir eftir því að börnin voru meira skapandi í leiknum þegar þau höfðu aðgang að viðbótarefni með kubbum og öðru. Valið hafði jafnframt þau áhrif að börnin léku sér lengur með það sem þau völdu sér, ímyndunaraflíð fékk að njóta sín og upplifðum við börnin ánægðari í leiknum og með betra úthald í leik. Börnin tóku þátt í að velja efnivið sem þau vildu hafa í boði og starfsmenn gættu betur að því að fjölbreyttur efniviður væri til staðar fyrir börnin inni og úti.

Tækifæri til úrbóta: Í listsköpun og leik hafa börnin skapað og unnið einstök verk með efnivið sem þau höfðu aðgang að hverju sinni s.s. kubbum, perlum, málningu, blöðum og litum, leir og fleira. Starfsmönnum langar að breyta hvernig við vinnum með börnunum og vinna meira á dýptina og í lengri tíma með hvert viðfangsefni. Þá er tekið fyrir viðfangsefni um tíma, börnin kanna efnið/efniviðinn og öðlast ákveðna þekkingu og færni með því að vinna ein og/eða saman að verkefnum. Börnin eru hvött til að leita svara við spurningum sem upp koma, leita lausna, útbúa eða skapa eitthvað sem reynir á getu þeirra og hugkvæmni.

Vináttuverkefnið Blær:

Styrkleikar: Allir starfsmenn á deildinni hafa kynnt sér námsefnið og tveir af þeim haft Blæstundir u.þ.b. einu sinni í viku yfir starfsárið. Umræðuefni vikunnar í Blæstundum var hengt upp á vegg í matsal og var það starfsmönnum hvatning til að ræða það við börnin. Í haust sendum við foreldrum upplýsingar í fréttabréfi um hvað við vorum að ræða við börnin en því miður gleymdist að senda þeim umræðuefni hvers mánaðar eftir það. Umræða fór fram á deildarfundum um Blæstundirnar en ekki eins oft og áætlað var. Börnin voru áhugasöm og tóku virkan þátt í umræðum og um efni hvers tíma.

Tækifæri til umbóta: Tileinka okkur enn betur að vinna með vináttuverkefnið Blæ í samskipum við börnin daglega og í lotum yfir árið.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR Kardemommu bær 2022 - 2023	Tækifæri til umbóta Að hverju er stefnt?	Aðgerðir til umbóta Hvernig framkvæmum við það?	Ábyrgð Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Sköpun	Að börnin fái tækifæri til að kanna umhverfi sitt og vera skapandi. Að börnin séu virk í eigin námi, geri tilraunir og leyti lausna og sjái afrakstur vinnu sinnar.	Unnið verður með þema í tímabilum s.s. vináttu og efniviði í umhverfinu, Leikur að læra, vináttuverkef nið Blær og annað sem vekur áhuga barnanna. Allir starfsmenn kynna sér þemavinnu og könnunaraðf erð og æfi sig að nota opnar spurningar með börnunum, hlusta eftir hugmyndum þeirra og hjálpi þeim að framfylgja þeim.	Deildarstjó rar bera ábyrgð en allir starfsmen n taka þátt.	Sept 2022	Maí 2023	Umræða í daglegu starfi og ígrunda skráningar á deildarfundum.	Matstæki: Gátlisti um sköpun fyrir leikskóla.
Frjálsi leikurinn/ opinn efniviður	Að leikurinn fái gott rými innan dagskipulag sins og að börnin hafi gott aðgengi að opnum efnivið. Að barnið fái tækifæri til að njóta	Starfsfólk leggi sig fram um að skipuleggja umhverfi barnanna til að bjóða þeim upp á margskonar námstækifær i. Að börnin velji sér viðfangsefni í	Deildarstjó rar og starfsfólk.	Sept 2022	Maí 2023	Fylgjast með hverju barni í leik og gerðar skráningar í september, desember og febrúar á leik barnsins með tilliti til að hverju er stefnt. Farið yfir á deildarfundum.	Skoða einstaklingsskrá ningar og Gátlisti fyrir leikskóla, félagsfærni þáttinn.



	Þess að leika sér, efla félagsfærni sjálfstæði, og sköpun í gegnum leikinn.	vali og að þau hafi áhrif á hvaða efniviður er í boði. Starfsmenn séu til staðar fyrir börnin og leiðbeini þeim þegar við á. Vináttuverkefnið Blær notað í daglegu starfi og í þemastarfi.					
Skráningar	Halda áfram að virkja starfsfólk í að gera skráningar og að þeir auki færni sína.	Allir starfsmenn fylgist með börnunum í leik og starfi og æfi sig í að gera skráningar.	Deildarstjórar og starfsfólk.	Sept 2022	Maí 2023	Skráningar ígrundaðar í daglegu spjalli og á deildarfundum. Skráningar hengdar upp fyrir börn, foreldra og starfsmenn.	Hver og einn starfsmaður skrái hjá sér hvernig honum gekk og hvað mætti betur fara, hvað er hægt að gera til að betri árangur náist.
Málörvun	Efla málörvun hjá þeim sem þurfa sérstaka örvun. Leggja sérstaka áherslu á tvítyngd börn.	Gera einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn, í samráði við sérkennslustjóra. Hafa sérstakar skipulagðar stundir þar sem unnið er eftir námskrá.	Deildarstjórar og starfsmenn.	Sept 2022	Maí 2023	Við skráum hjá okkur í stundunum þann árangur sem næst hjá hverju barni. Síðan er farið yfir það og borið saman við einstaklingsnám skrá og þá sjáum við hvort markmiðum hafi verið náð. Þetta á að gera einu sinni í mánuði.	Borið saman skráning og það markmið sem við settum okkur og ákvörðun tekin hvort eigi að halda áfram eða vinna meira með það sem við vorum að gera.



6 Innra mat Sjónarhóls

Endurmat umbótapátta veturinn 2021 - 2022

Skólaárið 2021-2022 voru á Sjónarhóli 21 barn fætt árið 2016, tíu þeirra voru annað árið sitt á deildinni, 10 börn komu frá Kardemommubæ og eitt barn kom nýtt inn í leikskólann. Seinni hluta vetrar bættist svo við eitt barn fætt 2017 og þá höfðu 2 börn hætt og voru þá 20 börn á deildinni. Aðlögun gekk vel hjá flestum.

Unnin var námsáætlun fyrir hvern mánuð út frá skólanámsskrá, starfsáætlun og skóladagatali. Í dagskipulagi var hugað vel að því að jafnvægi væri á milli skipulagðra stunda og frjálsa leiksins. Unnin var námsáætlun fyrir Leikur að læra þar sem við ákváðum að leggja áherslu á það ásamt verkefnum sem tengjast Hljóm-2 og ýmsum verkefnum sem tengjast því að fara yfir á annað skólastig. Gert var ráð fyrir tveimur skipulögðum stundum í dagskipulaginu fyrir Leikur að læra og tveimur stundum á viku fyrir hvert barn í önnur skipulögð verkefni. Farið var í margar ferðir m.a. Árbæjarsafn, Hallgrímskirkju, Norræna húsið, Þjóðminjasafnið, Kjarvalsstaði, Ásmundasafn, Náttúruminjasafnið, Grasagarðinn, Myndlistaskóla Reykjavíkur o. fl. Í ferðum okkar erum við að kynnast borginni, helstu kennileitum hennar, söfnum og skemmtilegum stöðum. Með þessum ferðum erum við að efla sjálfstæði barnsins og einnig eru þau að læra að ferðast í strætisvagni og fara eftir reglum sem eru í gildi þegar farið er í ferðir.

Fyrri hluta vetrar fóru börnin í hreyfistund einu sinni í viku. Um miðjan nóvember og fram til 12. janúar gerðum við hlé á hópastarfi og lögðum áherslu á leikinn og undirbúning fyrir jólin. Vetrarstarfi lauk um miðjan maí og sumarstarf hófst. Haldið var áfram að hafa flæði í matsalnum en breyting var á um miðjan vetur að börnin á Kardemommubæ borða á undan börnunum á Sjónarhóli og fannst okkur það gefast vel og eru börnin ánægð með það að borða seinna.

Vel gekk að fylgja eftir dagskipulagi á deildinni en við höfum þurft að vera gera breytingar á því þegar við höfum verið í ferðum því þá dettur niður skipulagt starf fyrir hádegi. Þegar við höfum farið t.d. á listasafn þá höfum við unnið verkefni tengt því daginn eftir. Starfsmenn eru mjög ánægðir með hvað börnin voru áhugasöm og virk í öllu starfi og fannst þá að starfið gengi vel.

Leikskólinn hefur allt frá upphafi lagt áherslu á metnaðarfullt samstarf við grunnskóla hverfisins. Fyrri hluta vetrar féll öll samvinna niður vegna aðstæðna í þjóðfélaginu en eftir áramót fórum við með börnunum í fjórar heimsóknir og fengum að kynnast skólanum og umhverfi hans. Í vor fengum við svo að heimsækja frístundaheimilið Hvergiland í fjögur skipti og var það mjög gaman og börnin ánægð með það.

Við vorum heppin að fá tækifæri til að taka þátt í verkefni hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík en við höfðum sótt um eins og síðasta ár að taka þátt í samstarfsverkefni en fengum ekki en okkur var boðið að koma í fjögur skipti en gátum ekki farið nema í þrjú skipti og fékk þá hvert barn að fara tvisvar sinnum þar sem fjöldi í hópi var takmarkað. Verkefnin voru fjölbreytt og höfðuðu vel til barnanna sem nutu þess að takast á við krefjandi verkefni í nýju umhverfi, starfsfólk leikskólans naut líka góð af.



Lubbi og málbeinið var með átak í tvær vikur í vetur og fengu börnin heim með sér ljósrituð bein þar sem þau skrifuðu á það hvaða bók var lesin fyrir þau heima og þau komu svo og gáfu Lubba bein. Það var gaman að sjá hvað börnin voru áhugasöm og dugleg að koma með bein fyrir Lubba.

Í sumar er lögð áhersla á að njóta útiverunnar og fara í gönguferðir um nágrennið og líka farið í lengri ferðir. Á föstudögum eru fjölbreyttari tilboð leikefnis í garðinum en aðra daga. Áhersla er lögð á þessar síðustu vikur hjá elstu börnunum að efla sjálfstæði þeirra enn frekar, styrkja tengslin og víkka út sjóndeildarhring þeirra.

Endurmat á umbótaáætlun 2021-2022

Vináttuverkefnið Blær:

Styrkleikar: Náms efnið er mjög aðgengilegt, höfðar til barnanna og vel gekk að vinna með það. Auk þess sem orð, sönglög og sögubækur sem fylgja verkefninu var notað í daglegur starfi og fléttað inn í samverustundir og frjálsan leik þegar þörf er á. Myndir hengdar upp sem tengjast verkefninu og voru þær notaðar til að taka við börnin í hóp og einstaklingslega þegar þau vildu skoða og tala um myndirnar. Einnig voru verkefni unnin í tengslum við vinavikur og viðburði á haust og vorönn. Þessar vinavikur voru vel nýttar til að gera verkefni, syngja vinalög, dansa og lesa vináttusögur.

Tækifæri til umbóta: Að allir starfsmenn tileinki sér að vinna með náms efnið þegar þörf er á og noti það til fræðslu og hjálps í erfiðum samskiptum barna. Hafa vinavikurnar fjórar yfir skólaárið það hefur gefist vel að taka heila viku og vinna þá markvisst með verkefnið.

Sköpun:

Styrkleikar: Börnin skapa daglega með leikefni, perlum, ritföngum, pappír og því sem þau eru með í höndunum inni og úti. Starfsmenn og börn voru dugleg að ná í efnivið úr listakróknum til að skapa tækifæri til að nýta þann efnivið sem listakrókurinn hefur að geyma. En listakrókur leikskólans er staðsettur fyrir framan yngri deildirnar og er þar að finna fjölbreyttan efnivið til sköpunar. Listakrókurinn er vel skipulagður og allur efniviður hefur verið merktur. Í hlutverkaleik búa þau til hlutverk og söguþráð sem er þeirra sköpunarverk. Deildarnar, matsalurinn, holukubbasvæðið og garðurinn voru nýtt og flest öll börn voru áhugasöm og nutu þess að taka þátt. Fjölbreytt verkefni voru unnin í myndsköpun en við veltum fyrir okkur hvort starfsmenn hugi nógu vel að því hvernig efniviðurinn er lagður fram svo að börnin fái tækifæri til að skapa á sýnum forsendum.

Farið var í Myndlistaskóla Reykjavíkur og gekk það vel og mjög skemmtilegt og gefandi bæði fyrir börn og starfsfólk.

Tækifæri til umbóta: Að starfsfólk ígrundi hvernig það geti stuðlað að fjölbreyttum tækifærum til að börnin geti skapað á sínum forsendum og hafa fjölbreyttan efnivið í boði. Hvetja börnin áfram og leiðbeina þeim án þess að stjórna því sem þau eru að gera. Ræða við þau um viðfangsefnið og hvað þau gætu hugsanlega gert í framhaldinu. Varðandi leikræna- og tónlistarsköpun að gefa börnunum aukið tækifæri og efnivið til að vinna með þá þætti sköpunar.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR SJÓNARHÓLL 2022-2023	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð- ir?	Viðmið um árang- ur
Sköpun:	Að börnin fái næg tækifæri til að kanna fjölbreyttan efnivið, njóta hans, virkja ímyndunaraflíð og skapa á eigin forsendum.	Hafa fjölbreyttan efnivið aðgengilegan fyrir börnin og virða sjálfstæði þeirra til sköpunar. Börnin geta farið í listakrók og valið sér efnivið. Að búa börnunum aðstæður til að skapa á leikrænan hátt. Að búa börnunum aðstæður til að skapa hljóðfæri og tónlist.	Deildar- stjóri og deildar- starfs- menn.	Sep. 2022	Maí 2023	Umræður á deildarfundum. Farið yfir skráningar og myndbönd og sjá hvort það séu ekki allir að taka þátt og hvort einhverjir séu alltaf fastir í því sama.	Mats- listar þar sem hægt er að sjá hvernig börnin taka þátt. Gera ráð fyrir að hvert barn fari a.m.k. einu sinni í mánuði á hvert svæði.
Frjálsi leikurinn/opinn efniviður:	Að skipuleggja leiksvæðið þannig að það sé boðið upp á margskonar námstækifæri. Að börnin geti í vali, valið sér viðfangsefni sem þau hafa áhuga á og þau geti valið sér efnivið sem þau hafa áhuga á.	Hafa mismunandi framboð í vali fyrir börnin ásamt því að vera með leikefni sem þau geta fundið sér viðfangsefni og skapað sinn eigin leik. Leikefnið á að vera þannig að það hvetur börnin til að rannsaka, skapa og finna lausnir. Kennarar styðja við og hvetja börnin áfram. Það þarf að	Deildar- stjóri og aðrir deildar- starfs- menn.	Sept. 2022	Maí 2023	Umræður á deildarfundum. Farið yfir skráningar og myndbönd og sjá hvort það séu ekki allir að taka þátt og hvort einhverjir séu alltaf fastir í því sama.	Mats- blöð. Gera skráning ar hvar börnin velja sér svæði. Og hve lengi þau eru á svæðinu og hvernig leika þau sér.



		gefa leiknum tíma og rými.					
Málörvun	Efla málörvun hjá þeim sem þurfa sérstaka örvun. Leggja sérstaka áherslu á tvítyngd börn.	Gera einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn, í samráði við sérkennslustjóra. Hafa sérstakar skipulagðar stundir þar sem unnið er eftir námskrá.	Deildarstjóri og sérkennslustjóri	Sept 2022	Maí 2023	Við skráum hjá okkur í stundunum þann árangur sem næst hjá hverju barni. Síðan er farið yfir það og borið saman við einstaklingsnám skrá og þá sjáum við hvort markmiðum hafi verið náð. Þetta á að gera einu sinni í mánuði.	Borið saman skráning og það markmið sem við settum okkur og ákvörðun tekin hvort eigi að halda áfram eða vinna meira með það sem við vorum að gera.
Læsi/hljóðkerfisvitund	Vinna með stafina og tölur. Efla hljóðkerfisvitund barnsins.	Unnin áætlun fyrir hvern mánuð þar sem ákveðið er hvað eigi að vinna með og verkefni ákveðin í samræmi við það. Unnið er með verkefni og spil tengt hljóðkerfisvitund, Leikur að læra, Lubba, í samverustundum og í öllu daglegu starfi. Við leggjum orð á athafnir og það sem við erum að gera, lesum fyrir börnin, tölum við þau, aðstoðum þau	Deildarstjóri	Sept 2022	Maí 2023	Farið yfir áætlun á deildarfundum einu sinni í mánuði. Skráning á hvaða börn fara í hverja stund sem skipulögð er. Miðað er við að hafa 5-7 börn í hópi. Margt af þessu er huglægt mat sem erfitt er að skrá en þegar farið er yfir barnahópinn þá getum við séð hvort það sé alltaf sama barnið sem ekki tekur þátt og þarf meiri örvun.	Skráningar og áætlun borið saman.



		við að skrá það sem þau vilja koma frá sér á blað o.fl.					
Merkingar á deild, stafir og tölustafir	Merkja hluti og annað á deild. Setja upp stafina og tölustafi þannig að það sé sýnilegt börnunum	Setja merkingar upp á deildinni. Setja stafina upp á vegg með Lubbatákninu. Gera tölustafina sýnilega uppi á vegg. Hafa þetta í hæð barnanna þannig að þau eigi gott með að nýta sér það.	Deildarstjóri	Sept 2022	Okt 2023	Strax í september merkjum við og setjum stafi og tölustafi upp á vegg þannig að það sé sýnilegt. Allir deildarstarfsmenn taka þátt í því að fara yfir deildina og sjá hvort eitthvað sé eftir að merkja og hvort stafir og tölustafir séu komnir upp.	Farið yfir það og athugað hvort allt sé eins og áætlað var. Ef allar merkingar, stafir og tölustafir eru komnir upp þá er markmiðinu náð.
Tákn með tali	Að börn og allt starfsfólk geti notað „Tákn með tali“ í daglegu starfi.	Gera áætlun um það hvað við leggjum áherslu á að læra í hverri viku og æfa og nota þau tákn sem á að læra og þau tákn sem við erum búnin að læra.	Deildarstjóri og allir deildarstarfsmenn	Ágúst 2022	Maí 2023	Fara yfir áætlun og það sem búið er að gera á hverjum deildarfundum.	Áætlun og matsblöð. Höfum við náð markmiðinu.



7 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Við skipulag sérkennslu er menntun án aðgreiningar höfð að leiðarljósi auk og snemmtækrar íhlutunar. Lögð er áhersla á þarfir og þroska hvers barns, svo hvert þeirra fái notið sín á eigin forsendum. Geti tekið þátt í því starfi sem fram fer í leikskólanum og eigi hlutdeild í barnahópnum. Ávallt er byggt á faglegum rökum þegar meta á þörf á einstaklingsþjálfun. Þar er notast við markvissar skráningar til að halda utan um vinnuna og framfarir hjá barninu. Einstaklingsnámskrár eru unnar út frá gögnum frá fagaðilum sem og öðrum athugunum sem fara fram í leikskólanum t.d. TRAS, APES o.fl. auk þess er unnið með styrkleika og áhugsvið barnanna. Leikurinn er aðalnámsleið barna á leikskóla aldri og miðast snemmtæk íhlutun út frá því. Megin áhersla er á að unnið sé að markmiðum í einstaklingsskrám inni á deild í barnahópnum. Skráningar eru einnig gerðar í almennu starfi t.d. atferlisskráningar, færniskráningar og tíðniskráningar varðandi hegðun.
(Hvaða matsgögn voru notuð?) Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	TRAS er tekið á öllum börnum og sjá deildarstjórar um að fylla hann út. Farið er yfir listann í foreldraviðtölum og eru viðeigandi íhlutun og úrræði unnin í samstarfi við foreldra ef þörf krefur. Einnig er farið yfir gátlistann um Sjálfmynd og félagsfærni (SFS) í foreldra-viðtölum. Hljóm-2 er lagt fyrir elsta árgangur skólans í ágúst/sept. Ef þau koma slök út úr þeirri skimun er markvisst unnið með þau börn og þau skimuð aftur í feb/mars. EFI-2 málþroskaskimun er lögð fyrir ef grunur er um frávik en áætlað er að leggja EFI-2 fyrir öll 3 - 4 ára börn í framtíðinni (læsisáætlun). Öll börn sem eru með fjármagn eru með einstaklingsnámskrár. Einstaklingsnámskrár eru unnar út frá atferlisíhlutun, ABLLS-R, APES færnimatslista auk gagna frá öðrum fagaðilum. Jafnframt er stuðst við Orðaskil, Smábarnalistann og Íslenska þroskalistann þegar meta á þroska og framfarir barnanna.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmiskonar námsgögn eru notuð til að vinna út frá markmiðum í einstaklingsnámskrám bæði



	aðkeypt og heimagerð s.s Lærum og leikum með hljóðin, Orðagull, Ljáðu mér eyra (bók og stokkar), ABLLS-R skill acquisition program manual og verkefni sem keypt voru frá Fjölbreyttum kennsluaðferðum. Margskonar spil til að vinna með málþroska, fjölbreyttar bækur og ýmis kennslugögn. Einnig nýttun við vel upplýsingar og fræðslu frá Austurmiðstöð, lærdómssamfélagi sérkennslustjóra og Miðju máls og læsis (MML).
--	--

Endurmat umbóta 2020-2021

Haustið 2021 hóf nýr sérkennslustjóri störf.

Sérkennslustjóri fari inná deildar:

Í upphafi haustsins ræddi sérkennslustjóri einslega við alla deildarstjóra. Farið var yfir barnahópin og stuðningsþörf metin. Sérkennslustjóri og aðrir starfsmenn sem sinntu stuðningi veittu deildum ráðgjöf eftir þörfum. Janframt var valið efni frá Lærdómssamfélagi sérkennslustjóra kynnt fyrir deildarstjórum og á skipulagsdegi var sérkennslustarfsmaður með fræðslu um hegðun og fyrirbyggjandi aðferðir við óæskilegri hegðun.

Tækifæri til umbóta: Að stofna teymi sérkennslu, einn starfsmaður frá hverri deild sem komi saman einu sinni í mánuði og fari yfir stöðuna.

Auka vinnu við málörvunarhópa:

Málörvunar hópar voru settir saman fyrir hverja deild í upphafi vetrar. Þar sem nýr sérkennslustjóri tók við í haust fór dágóður tími í að koma sér af stað í starfi og gera sér grein fyrir umfangi og kröfum. Því báru deildarstjórar ábyrgð á að halda utan um málörvunarhóp á sinni deild.

Tækifæri til umbóta:

Setja niður hópa í samráði við deildarstjóra og hafa tengilið á hverri deild. Vera með ráðgjöf halda utan um teymið og virkja mannauðinn.

Snemmtæk íhlutun. Útbúa áætlun fyrir snemmtæka íhlutun í leikskólanum: Bæklingur um snemmtæka íhlutun hefur verið unnin og verður kynntur fyrir starfsfólki.

Tækifæri til umbóta:

Að allir foreldrar/fjölskyldur leikskólans fái afhentan eða sendan rafrænt bækling um snemmtæka íhlutun.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

Umbóta- þáttur sérkennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að halda betur utan um þau börn sem efla þarf ákveðna þroskætti hjá.	Halda betur utan um þau börn sem hafa þörf fyrir stuðning s.s. málþroska eða aðra þroskætti.	Stofna teymi með tengilið frá hverri deild	Sérkennslu- stjóri og deildarstjóri fari yfir barnahópin á haustönn og meti hvaða börn og hvernig örvun börnin þurfa á að halda. Ákveða hvaða starfsmaður verði tengiliður deildar.	Haut 2022	Vor 2023	Umræður á mánaðarlegum teymisfundum og rýnt í skráningarblöð .	Virkt teymi sem hittist reglulega og starfsmenn hafi styrk af mannauðnum. Virkt og aðgengileg skráningarblöð.
Aðkoma sér- kennslustjóra á deildarfund	Að sérkennslu- stjóri komi á deildarfund að a.m.k einu sinni í mánuði.	Ákveða í samráði við deildarstjór a hvenær.	Sérkennslu- stjóri og deildarstjórar	Haut 2022	Vor 2023	Samtal við deildarstjóra og skrá í dagbók hvenær.	Sérkennslu- stjóri komi a.m.k einu sinni í mánuði á deildarfund.



8 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni til leikskólans er fyrst og fremst ráðstafað til málörvunartíma sem sérkennslustjóri og starfsmenn deildar hafa sinnt í sameiningu. Huga þarf betur að aðbúnaði fjöltyngdra barna í leikskólanum og hvernig fjármagnið nýtist sem best fyrir hópinn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með grunnorðaforða bæði í verkefninu „Barn vikunnar“ og í flæði lestri á yngri deildum. Jafnframt í skipulögðum stundum og í daglegu starfi, með því að setja orð á hluti og athafnir. Áhersla er á lestur fjölbreyttra bóka, þar sem rætt er um ýmis orð og orðatiltæki sem upp koma og „Gefðu 10“ er í hávegum haft inná öllum deildum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markvisst er unnið að því að dýpka orðaforðann t.d. í verkefninu „Barn vikunnar“, í samveru stundum í gegn um bækur söngva og þulur jafnframt með notkun Orðagulls, Bitsboard og Lærum og leikum með hljóðin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna er notast við TRAS, Orðaskil, einn leikskóli -mörg tungumál og nýlega fórum við að nota Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn. Áætlað er að vinna markvissari vinnu með fjöltyngdu börnin og gera í ákveðnum tilvikum einstaklingsnámskrár út frá ofangreindum listum. Í einstaklingsnámskrá er unnið með ákveðin markmið og fylgst með árangri.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • hlustun og hljóðkerfisvitund • ritmál • félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Leitast er við að vinna með alla þætti málsins í gegnum leik, skipulagðar stundir og málörvunarstundir. Allar deildar fara reglulega í sögustundir í bókasafninu í Spönginni auk þess fá börnin tækifæri til að velja sér bækur á safninu til lestrar og afþreyingar í leikskólanum. Í verkefninu „barn vikunnar“ er áhersla á alla þætti málsins auk þess er áhersla á virka þátttöku barnsins og foreldra tvítyngdra barna sem og annarra. Á öllum deildum skólans eru söngstundir einu sinni á dag og sameiginlegar einu sinni í viku. Unnið er með hljóðkerfisvitund í hópastarfi, í Leikur að læra og námsefnið Lubbi finnur málbeinið er fléttað inni það.



Endurmat umbóta 2021-2022

Tvítýngd börn:

Meira samstarf við foreldra: Ágætt samstarf hefur verið við foreldra og áhersla hefur verið á að bjóða foreldrum ávallt uppá túlk í viðtölum. Sérkennslustjóri sat öll viðtöl og gerði fundargerð.

Tækifæri til umbóta: Virkja betur foreldra barnanna t.d. í verkefninu „barn vikunnar“ að þau komi t.d. með sögu, bók, lög á sínu móðurmáli.

Gefðu -10: Starfsfólk þekkir nú vel „Gefðu 10“.

Tækifæri til umbóta: Að finna leið til að virkja starfsmenn í notkun á „Gefðu 10“ betur og er hugmynd að gera myndaspjöld út frá Orðaforðalistanum sem starfsmenn geta notað með t.d. fjöltyngdum börnum.

Efla samstarf starfsfólks með fjöltyngd börnin:

Ekki tókst að uppfylla þetta markmið að öllu leyti. En samstarf deilda við sérkennsluteymi hefur gengið vel, og áhersla verið á samvinnu.

Tækifæri til umbóta: Að einn starfsmaður á hverri deild sé tengiliður fjöltyngdra barna á deildinni. Að þeir starfsmenn myndi teymi og vinni saman að sameiginlegum verkefnum og námsefni fyrir fjöltyngd börn. Að Læsis-teymi leikskólans geri áætlun um vinnu með fjöltyngdum börnum.

Umbótaáætlun – fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að læsis-teymi leikskólans geri áætlun um vinnu með fjöltyngdum börnum	Koma á fót virku teymi fyrir fjöltyngd börn.	Að einn starfsmaður af hverri deild sé tengiliður fjöltyngdra barna.	Sérkennslustjóri og Læsis-teymi leikskólans.	Haust 2022	Vor 2023	Fundargerðir og afrakstur samvinnu verkefnanna.	Er fjölmenning sýnileg í leikskólanum.
Plaggöt og verkefni til að auðvelda vinnu með fjöltyngdum börnum	Útbúa verkefni út frá hæfnirömmum fjöltyngdra barna með Orðaforðalistann til hliðsjónar. Til að fjölga tækifærum til	Að teymið vinni saman að gerð plaggata með myndum af helstu atriðum sem tengjast grunnorðaforða barna út frá Orðaforðalistanum. Taka saman	Sérkennslustjóri og fjölmennin gar teymi leikskólans.	Haust 2022	Vor 2023	Skrá hve mörg „plaggöt“ hafa verið gerð og hversu margir „vasar“ og ræða hvort samskipti starfsfólks hafi aukist við fjöltyngdu börnin.	Starfsfólk virkara í vinnu og samskiptum við fjöltyngd börn.



	samskipta við fjöltyngd börn.	verkefni og bækur sem gott er að nota með fjöltyngdum börnum og setja í aðgengilega „vasa“.					
--	-------------------------------	---	--	--	--	--	--



9 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Á þessu starfsári ætlum við að halda snerpúsamtölum áfram. Snerpúsamtöl eru fjögur stutt samtöl yfir veturinn sem standa yfir í ca. 15-20 mínútur hvert. Umræðuefni snerpúsamtala er styrkleikar og hæfileiki, starfsandi, þjálfun og starfsþróun, tækifæri til vaxtar, nýsköpun og stöðugar framfarir. Leikskólastjóri tekur samtöl við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Deildarstjórar taka samtöl við starfsmenn sinna deilda og sérkennslustjóri tekur samtöl við starfsmenn sem vinna að sérkennslu innan leikskólans. Fyrir hvert samtal fá starfsmenn umræðuefni og spurningar og hafa því tíma til að undirbúa sig og ef allir koma vel undirbúnir í samtalið þá ætti samtalið að fara fram innan skilgreinds tímaamma.

Fundir og samtöl við nýja starfsmenn fara fram á fyrstu þrem mánuði í starfi. Þar er farið yfir móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn, þjálfun, hvatningu og líðan á vinnustað. Það er í höndum aðstoðarleikskólastjóra að halda utan um móttöku og móttökuáætlun ásamt deildarstjórum. Deildarstjórar eru með leiðbeiningar- og hvatningarsamtöl við nýja starfsmenn.

Fræðsla starfsárið 2021-2022

- Starfandi eru Teymi innan leikskólans sem eru eftirfarandi: Leikur að læra, menntastefna, heilsuteymi, sýnileki og umgengni, matsteymi, græn skref og vináttuteymi/Blær. Ekki náðist að halda áætlun um að hvert teymi hittist einu sinni í mánuði vegna COVID-19, hólfaskiptingu og mikillar manneklu.
- Einn starfsmaður sótti fagnámskeið 1.
- Tveir starfsmenn sóttu íslenskunámskeið á vegum SFS fyrir starfsmenn leikskóla með annað móðurmál en íslensku.
- Átta starfsmenn sóttu námskeið á vegum Austurmiðstöð í náttúrulegri kennsluaðferð í átt að jákvæðri hegðun.
- Trúnaðarmenn stéttarfélaga innan leikskólans sóttu fræðslu.
- Einn starfsmaður sótti ráðstefnu hjá Greiningar og ráðgjafastöðinni.
- Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnu hjá SATIS (samtök um atferlisíhlutun).
- Þrír starfsmenn tóku þátt í lærdómssamfélagi á vegum Skóla og frístundasviðs að hluta til á síðasta skólaári.
- Elstu nemendur leikskólans tóku þátt í verkefni á vegum Myndlistarskóla Reykjavíkur ásamt kennurum sínum.
- Einn starfsmaður stundar leikskólaliðanám á vegum Mímir-símenntun.
- Á skipulagsdegi fengum við kynningu og fræðslu á leik og opnum leikefni við.
- Á skipulagsdegi kynnti starfsmaður sem vel er að sér kominn í skráningum þær fyrir starfsfólk leikskólans. Hvernig þær eru gerðar og hvert markmið er með hverri skráningu.
- Á skipulagsdegi fengum við KVAN til að vera með heilsdagsnámskeið í hópefli.
- Á skipulagsdegi var starfsmaður með fyrirlestur um hvernig best sé að taka á óæskilegri hegðun barna.
- Skyndihjálparnámskeið var hjá okkur í ágúst.
- Tveir starfsmenn kláruðu 20 ETC einingar í diplómanámi í stjórnun menntastofnanna frá Háskóla Íslands.
- Tveir starfsmenn sóttu grunnnámskeið um einhverfu.



- Þrír starfmenn sóttu námskeið um ADHD.
- Einn starfsmaður sótti námskeið um Atferlisíhlutun fyrir börn með þroskafrávik.
- Einn starfsmaður sótti námskeið um skráningu og þjálfun í atferlisíhlutun.
- Einn starfsmaður sótti námskeið um Myndrænt boðskiptakerfi PECS.
- Tveir starfsmenn sóttu framhaldsnámskeið um Myndrænt boðskiptakerfi PECS.
- Einn starfsmaður stundar nám við Háskólann á Akureyri í Sálfræði.
- Einn starfsmaður stundar nám við Háskólann á Akureyri í leikskólakennarafræðum.

Áherslur og símenntun starfsárið 2022-2023

- Leikskólaráðstefna í september.
- Fyrirlestur frá Miðja máls og læsis um mikilvægi málörvunar hjá leikskólabörnum.
- Að einn starfsmaður af hverri deild sækji námskeið á vegum Barnaheilla um vináttu verkefnið Blær.
- Stefnum á námsferð erlendis vor 2023.
- Leikskólaráðstefna 22. september 2022.
- Námskeið sem verða í boði hjá Skóla-og frístundasviði sem hentar okkar starfi og okkar vinnu við innleiðingu Menntastefnunnar.
- Teymisfundir innan leikskólans.
- Aðstoðarleikskólastjóri mun sækja Forystunám Reykjavíkurborgar.



10 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Á síðasta skólaári byrjuðum við samstarf við Borgaskóla en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu varð minna úr því en ætlunin var. Elsti árgangur leikskólans fór samt sem áður í skólaheimsóknir og fóru þær fram utandyra. Eftir að fjöldatakmörkunum og sóttvörnum var afnumið færðust skólaheimsóknirnar inn í skólann sjálfan. Heimsóknir í Hvergiland, frístundaheimili Borgaskóla, urðu þegar líða fór á vorið sem glöddu elstu börn leiksólans mikið. Stefnt er að halda samstarfinu áfram næsta skólaár og hefur deildarstjóri ásamt starfsmanni frá Borgaskóla sett niður skipulag.

Markmið með heimsóknunum er:

- Að efla enn frekar samvinnu leik-og gunnskóla, þannig að samfellan verði markvissari á milli skólastiga.
- Að undirbúa börnin gegnum leik fyrir næsta skólastig t.d. lestrar-og stafabjálfun, talnaskilning og hugtakabjálfun.

Hverju skilar starfið:

- Það eykur sjálfstraust barnanna og þau eignast hlutdeild í grunnskólanum.
- Börnin læra á skólaumhverfið og þekkja starfsmenn og reglur skólans.
- Það eykur áhuga á ritmáli og hvetur börnin til þess að skrifa.
- Börnin eru öruggari við upphaf grunnskólagöngunnar.

Markmið samstarfs Borgaskóla, Hulduheima og Hvergilands miðar að því að auðvelda börnunum flutninginn af fyrsta skólastiginu yfir á annað. Elstu börnin í leikskólanum Hulduheimum eru flest væntanlegir nemendur í Borgaskóla og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að kynnst starfinu í skólanum og aðstæðum. Einnig er það skemmtilegt fyrir yngstu nemendur grunnskólans að fá það hlutverk, að taka á móti væntanlegum samnemendum. Samstarf skólastiganna snýr einnig að samstarfi starfsfólks/kennara skólanna. Styrkurinn felst í að við öðlumst þekkingu á störfum hvers annars, getum miðlað okkar á milli og lært hvert af öðru. Leikskólinn er búin að óska eftir að fá afnot af íþróttasal í Borgaskóla eins og kostur er fyrir þrjá elstu árgangana. Einnig er það ósk okkar að elstu börn leikskólans Hamra komi með elstu börnum Hulduheima í íþróttasalinn að minnsta kosti einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir. Næsta skólaár verða elstu börnin 21 á Sjónarhóli.

Áætlaðar skólaheimsóknir í Borgaskóla næsta skólaár:

september: Starfsmaður frá Borgaskóla kemur í heimsókn til okkar og kynnir sig.

Elstu börnin fara í heimsókn í Borgaskóla og ganga um skólabyggingu og hitta skólastjóra.

október: 5. bekkur heimsækir elstu börnin hingað í leikskólann og sýna skólatöskur sínar og verða með þeim í frjálsum leik.



Elstu börn leikskólans heimsækja fyrsta bekk og taka þátt í kennslustund, eru með í ávaxtastund og fara í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með þeim í skipulögðum leikjum.

nóvember: Elstu börn leikskólans heimsækja bóksafn Borgaskóla, fá þar fræðslu og sögustund. Fara svo í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með þeim í skipulögðum leikjum.

5. bekkur Borgaskóla kemur til okkar í tilefni dag íslenskrar tungu og les fyrir barnahópa í leikskólanum.

desember: Elstu börn leikskólans verður boðið á leiksýningu Borgaskóla

janúar: Elstu börn leikskólans fara í heimsókn í textílstofu Borgaskóla. Fara svo í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með þeim í skipulögðum leikjum.

febrúar: Elstu börn leikskólans fara í heimilisfræði. Fara svo í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með þeim í skipulögðum leikjum.

mars: Elstu börn leikskólans fara í Tónmennt ½ kennslustund og íþróttatíma ½ kennslustund. Fara svo í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með þeim í skipulögðum leikjum.

apríl: Elstu börn leikskólans fara í smíðatíma og fara svo í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með þeim í skipulögðum leikjum.

maí: Elstu börn leikskólans fara í myndmenntartíma og fara svo í frímínútur þar sem 5. bekkur verður með þeim í skipulögðum leikjum.



11 Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum um leikskóla, nr. 90/2008, skal vera starfandi foreldraráð við hvern leikskóla.

- Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír fulltrúar.
- Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu í foreldraráð.
- Foreldrar kjósa fulltrúa sína í foreldraráð í september ár hvert til eins árs í senn.
- Leikskólastjóri ber að starfa með foreldraráði.
- Foreldraráð setur sér sjálft starfsreglur. Á foreldrafundi leikskólans í september er kosið í foreldraráð og foreldrafélag, en nú starfa þrír fulltrúar í ráðinu og fimm fulltrúar í félaginu.

Haldnir hafa verið um 3 - 4 fundir á ári eða eftir þörfum og er umsögn gefin með starfsáætlun fyrir lok júní ár hvert. Einn fulltrúi í foreldraráði situr í áfallaráði leikskólans.

Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð skal gefa umsagnir til leikskólans og skóla- og frístundaráðs um:

- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans Samkvæmt leikskólalögum ber skóla- og frístundaráði að samþykkja skólanámskrá og starfsáætlun leikskóla. Til að hægt sé að leggja þær fyrir ráðið þarf umsögn foreldraráðs að liggja fyrir.

Foreldraráð skal fylgjast með:

- Framkvæmd skólanámskrár
- Framkvæmd annarra áætlana innan leikskólans
- Að skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir leikskólans séu kynntar fyrir foreldrum.



Foreldrafundur verður í haust þar sem farið verður yfir starfið sem er framundan. Það hefur komið fram sú hugmynd að gera kynningarmyndband um starfið sem síðan verður sent til foreldra, sett á facebook síðu leikskólans og á heimasíðu, þar sem sýnt er í máli og myndum hvað við erum að gera og hvað við leggjum áherslu á. Það hafa verið vangaveltur um það hjá okkur hvað við getum gert til að allir foreldrar/forráðamenn séu upplýstir um starf leikskólans, því mæting á foreldrafundi hefur verið ansi dræm. Með því að hafa sýnilegt kynningarmyndband um starfið og áherslur leikskólans geta foreldrar/forráðamenn skoðað myndbandið þegar þeim hentar. Verður þetta skoðað út frá stefnu Reykjavíkurborgar hvað heimasíður varðar. Deildarstjórar hafa sent kynningu á starfi leikskólans og viðkomandi deild barnsins í tölvupósti að hausti. Foreldrasamtöl eru tvö á ári, í október og í mars. Foreldrasamtöl eru oftast ef foreldrar óska eftir því eða ef ástæða þykir til. Við höfum það fyrir reglu að halda alltaf fund og samræma aðgerðir heima og í leikskólanum ef eitthvað kemur uppá sem þarf að skoða betur. Boðað er til annars fundar eftir 3 – 4 vikur og málinu lokað eða framhald ákveðið. Þetta fyrirkomulag hefur reynst einstaklega vel. Foreldradagar verða 3.– 5. apríl 2023. Þá gefst foreldrum kostur á að taka þátt í daglegu starfi með börnum sínum og starfsmönnum. Foreldrafélag var stofnað í leikskólanum 1997 og er enn starfandi við leikskólann. Allir foreldrar fá afhent eyðublað um markmið og störf foreldrafélagsins í fyrsta viðtali. Foreldrafélagið er með sína verkefnaáætlun og haldnir eru fimm til sex fundir yfir skólaárið og oftast ef þurfa þykir. Formaður í samráði við stjórn, skilar inn ársskýrslu og gjaldkeri skilar inn uppgjöri eftir hvert skólaár, yfirleitt að hausti. Þegar erlendir foreldrar byrja með barn í leikskólanum þá er fenginn túlkur til að fara yfir starfsemi leikskólans, undirskriftir, upplýsingagjöf og hvernig aðlögun er háttað. Ef þörf þykir þá er túlkur fenginn á meðan þátttökuaðlögun stendur yfir. Túlkur kemur einnig þegar foreldrasamtöl eru þar sem farið er yfir nám og þroska, mál og læsi, og hvernig við byggjum upp stuðning við móðurmál barns og íslensku, en öll börn í leikskólanum sem eru af erlendum uppruna og tvítyngd fá reglulega málörvunarkennslu í leikskólanum.



12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru sex á ári og verður leikskólinn lokaður allan daginn þessa daga. Skipulagsdagarnir nýtast í faglega umræðu, fyrirlestra, námskeið, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi, deildarfundi, endurmat og skipulagningu.

Skipulagsdagar starfsárið 2022-2023

- **Föstudaginn 2. september 2022.** Námskeið frá Miðja máls og læsis – málörvun leikskólabarna - Undirbúningur fyrir nýtt starfsár – fræðsla um ADHD.
 - **Föstudaginn 7. október 2022.** Sameiginlegur skipulagsdagur allra leik- og grunnskóla Grafarvogi – Menntakvika.
 - **Föstudaginn 25. nóvember 2022.** Námskeið/fyrirlestur/fræðsla.
 - **Mánudagur 6. febrúar 2023.** Skipulagsdagur, Dagur leikskólans.
 - **Miðvikudaginn 17. maí 2023.** Námsferð starfsfólks erlendis. Námskeið, fyrirlestrar og skólaheimsóknir.
 - **Föstudaginn 19. maí 2023.** Námsferð starfsfólks erlendis. Námskeið, fyrirlestrar og skólaheimsóknir.
- Sjá nánar leikskóladagatal 2022-2023 fylgiskjal 10.2.



13 Fylgigögn

13.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs Hulduheima

Ritað af:

Bergþóru, Karítas og Ylfu f.h. foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans Hulduheima hefur móttengið og lesið yfir starfsáætlun leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023. Starfsáætlunin er ítarleg, nákvæm og í samræmi við einkunnarorð sem og stefnu leikskólans.

Það er mjög miður að sjá hversu fáir starfsmenn tóku þátt í starfsmannakönnun leikskólans nú annað árið í röð. Foreldraráð hafði miklar vonir um betri svörum í ár en síðasta ár en því miður var hún dræmari. Það er leitt að starfsmenn hafi ekki tíma eða gefi sér ekki tíma til að svara örfáum spurningum, vinnustaðnum og starfsmönnum í hag. Foreldraráð leggur til að næsta könnun verði lögð fyrir starfsmenn á einhverjum af skipulögðum starfsdegi leikskólans á komandi starfsári þannig að allir nái að svara.

Endurmat umbótaþátta fyrir veturinn 2021-2022 er sýnilegt og tillögur til umbóta lagðar skilmerkilega fram. Umbótatillögurnar eru skýrar og hnitmiðaðar. Við styðjum umbætur er snýr að hvers kyns skráningum í daglegu starfi barnanna, en við teljum þær mega vera betri og mögulega mætti færa þær meira inn í Völu appið. Sérstaklega skráningar er varða viðveru, matmálstíma og svefntíma en einnig væri frábært ef matseðlar yrðu sýnilegir þar inni sem og hvað er á boðstólum í ávaxta – og nónstund hverju sinni. Við styðjum heilshugar tillögu sérkennslustjóra um myndun teymis með starfsmanni frá hverri deild leiksskólans innanborðs. Þannig er hægt að stuðla að betra umhverfi sem og sérkennslu fyrir þá sem þurfa.

Eins og áður eru áætlaðir skipulagsdagar á komandi starfsári samtals 6 heilir dagar og dreifast þeir nokkuð jafnt yfir skólaárið. Það er gaman að sjá góða, hefðbundna og fjölskylduvæna dagskráliði, til að mynda jólaverkstæði og foreldradaga, á skóladagatali komandi árs. Slíkt hefur ekki verið hægt undanfarið vegna Covid takmarkanna en það er einstaklega ánægjulegt að hægt sé að endurvekja þessa viðburði aftur. Mun án efa gleðja hjörtu foreldra jafnt og barnanna.

Við erum hæst ánægð að lesa um samstarf Borgarskóla, Hvergilands og Hulduheima og að það verði virkjað þetta komandi starfsár. Við teljum að það styrki eldri börnin til muna og að það undirbúi



þau vel fyrir næsta skólastig og þær áskoranir sem því fylgir. Áætlaðar skólaheimsóknir eru í senn metnaðarfullar og fjölbreyttar og þær munu án efa vekja mikla kátínu hjá eldri börnum leikskólans.

Það er ávallt ánægjulegt að lesa niðurstöður barnanna sjálfra í innra mati á starfi leikskólans. Það gefur okkur góða innsýn inn í þeirra hug og lýsir skoðun þeirra á stórum þáttum í þeirra daglega starfi í leikskólanum. Eins og ávallt eru samverustundir, frjáls leikur og útivera alltaf vinsæl meðal barnanna og það mjög heppilegt að leikskólinn geti bæði boðið upp á fjölbreytni í útiverunni, verandi með 2 leiksvæði, en einnig í hópastarfi og samverustundum innan deildar sem og milli deilda. Foreldraráð leggur til að skoðað verði hvort hægt sé að nýta ónýtt útisvæði við leikskólann undir lítinn íþróttavöll eða íþróttasvæði með möguleika á fótboltamörkum eða körfuboltaspjaldi (þeim megin er leiksvæðið fyrir yngri börnin er). Það myndi auka fjölbreytni útiveru enn meira og gleðja íþróttastjórnur framtíðarinnar sem leynast á Hulduheimum.

Starfsáætlun komandi árs er í senn hnitmiðuð og metnaðarfull og hlökkum við mikið til að fylgjast með starfi leikskólans á starfsári 2022-2023. Síðustu tvö starfsár leikskólans hafa verið mjög óvenjuleg og því hefur verið bæði krefjandi og erfitt að halda hinu hefðbundna daglegu starfi leikskólans gangandi hnökralaust. Hefur starfsfólk þurft að bregðast við hinum ýmsu aðstæðum með litlum sem engum fyrirvara sem hefur haft áhrif á bæði starfsfólk sem og börn og foreldra þeirra. Þær áskoranir hafa verið leystar með glæsibrag, þrátt fyrir manneklu og veikindi starfsfólks og erum við foreldrarnir hæstánægð með frammistöðu starfsmanna Hulduheima. Þau hafa sýnt það annað árið í röð að það er ekkert sem þau ráða ekki við, fátt sem tekur þau úr jafnvægi eða hefur áhrif á þeirra óeigingjarna og frábæra starf hjá Hulduheimum. Takk fyrir okkur, þið eruð frábær!

Foreldraráð leikskólans skipa:

Bergþóra Guðnadóttir

Ylfa Sigþrúðardóttir

Karítas Dan Þórarinsdóttir



13.2 Fylgiskjal – leikskóladagatal 2022 - 2023



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning





